

## **8. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Skriðuklaustri og Végarði 02.12 2014, kl. 11.30**

Mættir: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og 1. Varamaður, Magnhildur Björnsdóttir mætt fyrir Þorvarð Ingimarsson, sem boðaði forföll

Oddviti setti fund, á Skriðuklaustri kl. 11.40.

### **Dagskrá:**

1. **Landvarsla við Hengifossá**, Agnes Brá Birgisdóttir þjóðgarðsvörður kl. 11.30-12.00
2. **Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun**, Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður kl. 12.30-13.00
3. **Óbyggðasetrið**, Steingrímur Karlsson kl. 13.00-13.30
4. **Skýrsla oddvita**
5. **Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2015 og 2016-2018, síðari umræða**
6. **Laugargarður ehf**
7. **Kárahnjúkavirkjun- Fljótsdalsstöð**, Georg Pálsson og Árni Óðinsson kl. 15.00-15.30
8. **Austurbrú**
9. **Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030**
10. **Ársalir bs**
11. **Skólaskrifstofa Austurlands**, fulltrúar Fljótsdalshrepps í stjórn.
12. **Bréf**
  - a) Gísli Sverrir Árnason, Eyðibýli á Íslandi dags. 11.11
  - b) Gróðrarstöðin Barri ehf dags. 20.11
  - c) Mannvirkjastofnun dags. 03.11
13. **Umhverfisstyrkir**
  - a) Þorvarður Ingimarsson, Eyrarlandi
  - b) Eiríkur og Matthildur, Arnheiðarstöðum
  - c) Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði
14. **Fjárbeiðnir**
  - a) N4, Glettur Austurlands
  - b) Benedikt Warén, Flugsaga Austurlands
  - c) ÚIA, Snæfell jólablað ÚIA 2014
15. **Fundargerðir**

- a) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 24.11
- b) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 21.11
- c) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 21.11
- d) Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 21.11
- e) Brunavarnir á Héraði 20.11
- f) Upphéraðsklasinn 17.11
- g) HAUST 12.11
- h) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 21.10
- i) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 06.11
- j) DHA 22.10

## 16. Önnur mál

1. **Landvarsla við Hengifossá** .Mættar voru á fund sveitarstjórnar, Agnes Brá Birgisdóttir og Ragna Fanney Jóhannsdóttir. Landverðir voru með daglega viðveru á svæðinu á tímabilinu 22.06-12.08 . 400 svör fengust við könnun sem gerð var meðal ferðamanna. Rætt var um að ástand göngustígs væri ekki gott og bæta þyrfti þar úr. Samstarf Fljótsdalshrepps og Vatnajökulsþjóðgarði hefur verið með þeim hætti að Fljótsdalshreppur greiðir 250 þús til Vatnajökulsþjóðgarðs fyrir landvörslu. Samþykkt að halda samstarfinu/landvörslu áfram á næsta ári og Agnesi og Rögnu falið að koma með tillögu að fyrirkomulagi.

*Agnes og Ragna yfirlög fund kl. 12.10*

*Fundarhlé tekið og snæddur veglegur hádegisverður hjá Klausturkaffi.*

2. **Þjónustusamningur við Gunnarsstofnun.** Mættur á fund sveitarstjórnar kl. 12.40, Skúli Björn Gunnarsson. Skúli lagði fram og kynnti greinagerð yfir verkefni yfirstandandi árs sem varða þjónustusamning milli Fljótsdalshrepps og Gunnarsstofnunar. Unnið hefur verið að verkefnum er varða menningar-og ferðamál s.s. Upphéraðsklasa, Fljótsdalsdag Ormsteitis, aðstoð við umsóknir og skýrslugerð og dustað var rykið af verkefni er varðar bústað Grýlu á Skriðuklaustri o.fl. Gildandi þjónustusamningur milli aðila rennur út n.k. áramót. Skúli sagði samninginn vissulega skipta máli fyrir starfsemi stofnunarinnar og áhugi væri á hjá stofnuninni að samstarfið héldi áfram, en benti jafnframt á á samningsgreiðsla hefur ekki hækkað undanfarin ár. Fyrir liggja drög að nýjum samningi til þriggja ára með óbreyttri árlegri greiðslu kr. 2,5 millj.

*Skúli Björn yfirlög fund kl. 13.10.*

Oddviti bar upp til drög að nýjum samningi við Gunnarsstofnun fyrir árin 2015-2016-2017. Samningur samþykktur samhljóða og oddvita falin undirritun f.h. Fljótsdalshrepps.

3. **Óbyggðasetrið.** Steingrímur Karlsson mætti á fund sveitarstjórnar kl. 13.15. Milli Óbyggðaseturs og Fljótsdalshrepps er í gildi þjónustusamningur af svipuðum toga og samningur Fljótsdalshrepps við Gunnarsstofnun. Steingrímur kynnti og lagði fram greinagerð um verkefni yfirstandandi árs og tillögur um verkefni til að vinna að árið 2015. Árið 2014 var verkefnið um PocetGuide ( rafræn ferðaleiðsögn í Fljótsdal) unnið og verður það væntanlega

aðgengilegt á Appstoe og Goggleplay á næstunni. Tillaga er um að á næsta ári verði áhersla lögð á þarfagreiningu, úttekt og markaðssetningu á gönguleiðum ásamt kostnaðaráætlun vegna uppbyggingar. Einnig verður áfram unnið að uppbyggingu Óbyggðaseturs og þróunar sýningar. Uppbygging setursins hefur dregist nokkuð frá upphaflegum áætlunum og er nú stefnt að opnun sýningar sumarið 2016, en að húsnæðið verði tilbúið á næsta ári. Sveitarstjórn líst vel á tillögur Óbyggðaseturs um verkefni næsta árs.

*Steingrímur yfirgaf fund kl. 13.35*

*Fundi sveitarstjórnar framhaldið í Végarði kl. 13.50*

#### **4. Skýrsla oddvita**

Oddviti fundaði með bæjarstjóra Fljótsdalshéraðs 18. nóvember, til umræðu voru mannvirki á Hallormsstað sem eru í sameiginlegri eigu sveitarfélaganna, umsjón þeirra og fjármögnun reksturs.

Sama dag fylgdist oddviti með rafrænni útsendingu kynningarfundar um brennisteinsmengun frá Holuhrauni. Varðandi vöktun á mengun hér á svæðinu, er í undirbúningi að bætt verði við mælum á Hallormsstað og á Jökuldal.

Oddviti mætti fyrir hönd Fljótsdalshrepps á fund um málefni Upplýsingarmiðstöðvar á Egilsstöðum, 18. nóvember. Samþykkt var á fundinum að setja af stað starfshóp um málefnið. Fljótsdalshreppur tilnefndi fulltrúa (Pál Baldursson) í starfshópinn með öðrum smærri sveitarfélögum á svæðinu.

22. nóvember sat oddviti kynningarfund á Egilsstöðum um fyrirhugaða viðarafurðastöð Víðivöllum ytri II.

Þá sat oddviti fund stýrihóps SKA um endurskoðun á samningi um stofnunina 25. nóvember, í forföllum nýs formanns (Jóns Þórðarsonar) Skólaskrifstofunnar.

Aðrar fundarsetur oddvita frá síðasta fundi sveitarstjórnar eru tilgreindar í viðkomandi fundargerðum og liggja fyrir fundi sveitarstjórnar.

Sótt hefur verið um styrk í húsafriðunarsjóð til að hefja endurhleðslu Melaréttar.

Styrkvegaframkvæmdum við veg frá Egilsstöðum í Kleif er lokið, unnar voru lagfæringar á veginum eftir því sem styrkur frá Vegagerðinni leyfði.

Póst- og fjarskiptastofnun vekur athygli á leiðbeinandi reglum um uppbyggingu ljósleiðarneta og ríkisaðstoðarreglur EES, sem Innanríkisráðuneytið hefur birt á vef ráðuneytisins. Meðfylgjandi bréfi Póst- og fjarskiptastofnunar er gátlisti um leiðbeiningarnar.

Samband íslenskra sveitarfélaga vekur athygli á stefnumörkun 2014-2018 og bendir á að stefnumörkunina er hægt að nálgast á heimasíðu sambandsins.

Landsnet hefur sent Fljótsdalshreppi eintak af Kerfisáætlun 2014-2023,

í rafrænu formi barst 19.11 skýrsla“ LV 05-13 Grágæs Kárahnjúkavirkjun,,,

#### **5. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2015 og 2016-2018, síðari umræða**

Oddviti kynnti fjárhagsáætlun ársins 2015 og þriggja ára áætlun 2016-2018, meðfylgjandi greinargerð og drög að fjárfestingaáætlun fyrir árin 2016-2018. Að því loknu bar oddviti fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps fyrir árið 2015 og 2016-2018 upp. Samþykktar samhljóða.

Samkvæmt áætlun fyrir árið 2015 er áætlað að rekstarafgangur verði 3,9 millj, afskriftir 29, 4 millj, fjárfestingar 29 millj, fjámunatekjur/gjöld jákvæð um kr. 2,1 millj. Afb. langtímalána 2,8 millj, engin lántaka er fyrirhugað, framkvæmdir fjármagnaðar af eigin fé og áætlað að handbært fé í árslok 2015 verði um 70 millj.

Samkvæmt áætlun fyrir árin 2016-2018 er gert ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu á rekstri öll árin.

Framlögð fjárhagsáætlun ársins 2015 og þriggja ára áætlun 2016-2018 uppfyllir viðmið skulda-og jafnvægisreglna.

Í umræðu um fjárhagsáætlanir var rætt um félagslegar íbúðir Fjósakambi 6 (2 íbúðir) og 8 (2 íbúðir), á Hallormsstað sem eru í sameiginlegri eigu Fljótsdalshrepps og Fljótsdalshéraðs. Ekki er svo að sjá að lengur sé þörf á öllum íbúðunum fyrir starfsmenn Hallormsstaðaskóla. Sveitarstjórn leggur því til sveitarfélögin bjóði til sölu 2 íbúðir Fjósakambi 6, eða að Fljótsdalshérað kaupi hlut Fljótsdalshrepps í íbúðunum, ef ekki er vilji til almennrar sölu.

## 6. Laugargarður ehf

Lárus Heiðarsson tilnefndur stjórnarformaður félagsins í stað Jóhanns Þórhallssonar. Skila þarf inn tilkynningu til fyrirtækjaskrár með nöfnum stjórnar- og varamanna, vegna breytinga í sem urðu við síðustu sveitastjórnarkosningar. Viðstaddir stjórnarmenn undirrituðu tilkynninguna.

7. **Kárahnjúkavirkjun- Fljótsdalsstöð.** Georg Pálsson og Árni Óðinsson mættu á fund sveitarstjórnar kl. 15.00. Til umræðu voru málefni er varða rekstur Kárahnjúkavirkjunar og Fljótsdalsstöðvar. Starfstími sumarvinnu ungmenna stóð yfir frá 31.05 til 14.08. Ekki er auglýst eftir umsóknum um störf í sumarvinnu, en umsóknareyðublöð er yfirleitt hægt að nálgast á vef LV frá mánaðarmótum jan/feb og tekið á móti umsóknum í um mánuð. Sumarvinnan gekk vel. Unnið var við uppgræðslu, hreinsun svæða og að öðrum verkefnum eftir því sem þau féllu til. Sjálfvirkri rafmagnsvöktun hefur verið komið upp á varnargirðingu við Ufsarstíflu. Fram kom að girðingin hafi verið fullviðgerð 12.07, en vegna snjóá, mikilla vatnavaxta og bleytu í landi var ekki hægt að klára girðingarviðgerðir fyrr. Aurskolun úr Ufsarlóni fór fram í ágúst. Bændur við Jökulsá voru upplýstir um aurskolunina. Unnið var við bakkavarnir í landi Vallholts síðsumars og rætt var um þörf að koma upp grjótefnisnámu. Þá kom fram að útlit væri fyrir mjög góðan vatnabúskap og rekstur Fljótsdalsstöðvar gengi vel.

Sveitarstjórn minnti á að óskað hefði verið eftir að LV girti af svonefnda „Smugu“ við Ufsarstíflu til að koma í veg fyrir rennsli sauðfjár, áhersla væri lögð á sú framkvæmd dragist ekki lengur.

*Georg og Árni yfirlögðu fundinn kl. 15.40*

## 8. Austurbrú

Boðað er til fundar stofnaðila þann 11.12.2014 kl. 14:00 í Vonarlandi til að ræða stöðu Austurbrúar. Oddviti mun sitja fundinn og fara með umboð Fljótsdalshrepps.

## 9. Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030

Oddviti fór yfir þær lagfæringar sem gerðar hafa verið á skipulagsgögnum Aðalskipulags Fljótsdalshrepps 2014-2030, eftir að ábendingar Skipulagsstofnunar dags. 18.09 og 30.10 2014, bárust sveitarfélaginu. Gerðar hafa verið lagfæringar á texta, en ekki efnislegar breytingar á skipulagstillögunni. Sveitarstjórn samþykkir gögnin svo breytt og óskar staðfestingar Skipulagsstofnunar.

## 10. Ársalir bs

Til umræðu eru lánasamningar milli Ársala bs og Arionbanka um fjármögnun félagsins, alls er lánaupphæð kr. 175 millj. Eignir félagsins, íbúðir í Hamragerði og á Lagarási að undanskyldum eignum að Lagarási 17 eru settar að veði fyrir fyrir lánum, en sem bakábyrgð er sjálfskuldarábyrgð aðildarsveitarfélaga, Fljótsdalshéraðs, Borgarfjarðarhrepps og Fljótsdalshrepps. Hlutur Fljótsdalshrepps í félaginu er 4,3 % og stendur bakábyrgð sveitarfélagsins á móti þeim hlut. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að undirrita samningana fyrir hönd Fljótsdalshrepps.

## 11. Skólaskrifstofa Austurlands, fulltrúar Fljótsdalshrepps í stjórn.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir er aðalmaður og Lárus Heiðarsson varamaður.

## 12. Bréf

- a) Gísli Sverrir Árnason, Eyðibýli á Íslandi dags. 11.11. Kynnt, út er komið 6. og 7. bindi í ritröðinni "Eyðibýli á Íslandi". Fljótsdalshreppi sent eitt eintak sem styrktaraðila og þakkað fyrir veittan styrk. Fjallað er um 6 eyðibýli/eyðihús í Fljótsdal.
- b) Gróðrarstöðin Barri ehf dags. 20.11. Tekist hefur að safna hlutafjárloforðum eins og sett markmið voru um, kynnt.
- c) Mannvirkjastofnun dags. 03.11. Kynnt, gerðar eru athugasemdir við raflagnir á tjaldstæði við Végarð.

## 13. Umhverfisstyrkir

- a) Þorvarður Ingimarsson, Eyrarlandi. Samþykktur hámarksstyrkur.  
*Eiríkur vék af fundi vegna vanhæfis*
- b) Eiríkur og Matthildur, Arnheiðarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.  
*Eiríkur kom aftur til fundar*  
*Anna Jóna vék af fundi vegna vanhæfis*
- c) Guðmundur Pétursson, Bessastaðagerði. Samþykktur hámarksstyrkur.  
*Anna Jóna kom aftur til fundar*

## 14. Fjárbeiðnir

- a) N4, Glettur Austurlands. Beiðni um styrk fyrir árið 2015. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 50.000,-
- b) Benedikt Warén, Flugsaga Austurlands. Vegna skrifa á bók um flugsögu Austurlands. Samþykkt að styrkja verkefnið um umbeðna fjárhæð (10.000+(35kr\*íbúafjöldi)). Kemur til greiðslu 2015.
- c) ÚIA, Snæfell jólablað ÚÍA 2014. Samþykkt að kaupa styrktarlínu í næsta blaði.

## 15. Fundargerðir

- a) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 24.11. Fundargerðin er í 4. liðum. Í 3. lið er fjallað um nýja handbók um stjórnkerfi byggingarfulltrúa í Fljótsdalshreppi sem Sveinn

Pórarinsson hefur unnið. Tryggja skal að stjórnkerfi sveitarfélagsins uppfylli kröfur ISO 17020 um starfsemi byggingarfulltrúa og það verði hæft til úttektar hjá Mannvirkjastofnun 1. janúar 2015. Tryggja skal að innleidd séu og unnið eftir öllum lögum, reglum og samþykktum sveitarfélagsins fyrir 15. júní 2015. Sveitarstjórn samþykkir innleiðingu á stjórnkerfi byggingarfulltrúa í samræmi við ISO 17020. Óskað er eftir að byggingarfulltrúi Fljótsdalshrepps mæti á næsta fund sveitarstjórnar til frekari upplýsinga. Að öðru leiti er fundargerð Byggingar- og skipulagsnefndar staðfest.

- b) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 21.11. Kynnt.
- c) Framkvæmdaráð Skólaskrifstofu Austurlands 21.11. Kynnt.
- d) Stjórn Skólaskrifstofu Austurlands 21.11. Kynnt.
- e) Brunavarnir á Héraði 20.11. Kynnt.
- f) Upphéraðsklasinn 17.11. Kynnt.
- g) HAUST 12.11. Kynnt.
- h) Atvinnuþróunarsjóður Austurlands 21.10. Kynnt.
- i) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 06.11. Kynnt, Gunnar Gunnarsson tilnefndur fulltrúi sveitarfélagsins forfallaðist og Gauti Jóhannesson sveitarstjóri Djúpavogshrepps, fór með umboð sveitarfélagsins á fundinum.
- j) DHA 22.10. Kynnt.

## 16. Önnur mál

Ef ekki kemur til aukafundar er þetta síðasti fundur sveitarstjórnar á árinu.

Sveitarstjórn þakkar íbúum gott samstarf á árinu og óskar þeim gleðilegra jóla, góðs og farsæls nýs árs.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 17:30.

Lárus ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Magnhildur Björnsdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)